Landssamtök sauðfjárbænda

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Reykjavík, 17. mars 2019

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um náttúruvernd 60/2013 (S-74/2019)

Drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um náttúruvernd voru sett inn á Samráðsgátt til umsagnar 28. febrúar 2019 með umsagnarfresti til 17. mars 2019. Stjórn Landssamtaka sauðfjárbænda hefur farið yfir efni frumvarpsins og gera eftirfarandi athugasemdir.

Landssamtök sauðfjárbænda telja að með frumvarpinu sé verið að takmarka verulega réttindi landeigenda til að takmarka för og dvöl á afgirtur óræktuðu eignarlandi í byggð.

Skýra þarf mun betur hvað felst í orðalaginu í 1. gr frumvarpsins, þar sem segir: „Þó er í sérstökum tilvikum heimilt að takmarka eða banna með merkingum við stiga og hlið för manna og dvöl á afgirtu óræktuðu eignarlandi í byggð, ef það er nauðsynlegt vegna nýtingar þess eða verndunar“. Skýra þarf betur hvað felst í orðalaginu „sérstök tilvik“.

Landssamtök sauðfjárbænda telja að skýra þurfi betur orðalag í 2. gr frumvarpsins a. lið, þar sem segir: „Þegar skipulagðar eru í atvinnuskyni endurteknar hópferðir um ákveðna staði á eignarlöndum í byggð, sem valdið geta spjöllum á náttúru eða ónæði, skal leita leyfis landeiganda eða réttahafa lands“. Hvað felst í orðalaginu „endurteknar hópferðir?

Samtökin leggjast gegn því að frumvarpið verði samþykkt að óbreyttu. Skýra þarf betur orðalag frumvarpsins enda felur það í sér mikla takmörkun landeigenda til að stýra umferð um afgirt eignarlönd

Virðingarfyllst,
f.h. Landssamtaka sauðfjárbænda

Oddný Steina Valsdóttir

Oddný Steina Valsdóttir
Formaður

Landssamtök sauðfjárbænda
Bændahöllinni við Hagatorg, 107 Reykjavík
sími 563 0350 – netfang: ls@bondi.is - www.saudfe.is